



Skólanámskrá Ingunnarskóla

Almennur hluti

Samkvæmt lögum um grunnskóla <https://www.menntamalaraduneyti.is/log-og-reglugerdir/> ber grunnskólum að gefa út skólanámskrá árlega. Skólanámskrárvinna er vettvangur fyrir kennara til að móta og skipuleggja skólastarf sem framundan er hverju sinni. Í skólanámskrá er með skipulögðum hætti lögð fram áætlun um hvernig skólinn ætlar að mæta skyldum sem honum er ætlað að sinna.

Vinna við skólanámkrá er ákveðið þróunarverkefni sem tekur breytingum frá einum tíma til annars í takt við áherslur í skólastarfinu. Skólanámskrárvinna leggur grunn að vel skipulögðu skólastarfi.

Skólanámskrá skal vera nánari útfærsla á aðalnámskrá grunnskóla <https://www.menntamalaraduneyti.is/utgefing-efni/namskrar/adalnamskra-grunnskola/> en veitir svigrúm til að laga áherslur aðalnámskrár að sérstöðu hvers skóla og staðbundnum aðstæðum, draga fram sérstöðu og nýta til eflingar í námi og kennslu. Aðalnámskrá grunnskóla setur skólum almenn viðmið, en það er hvers skóla að útfæra þau nánar í skólanámskrá. Taka þarf tillit til mismunandi nemendahópa sem stunda nám í skólanum sem og þróunar í samfélaginu og stefnu skólans.

Það er von okkar að skólanámskráin gefi glögga mynd af skipulagi, markmiðum og stefnu skólans.

Virðing – Ábyrgð – Vinsemd

Vin sínum skal maðr vinr vera ok gjalda gjöf við gjöf

Stefna og sérstaða skólans

Stefna skólans er byggð á menntastefnu sem birt er í aðalnámskrá grunnskóla 2011 en sú stefna er reist á sex grunnpáttum menntunar. <https://www.menntamalaraduneyti.is/utgefing/efni/namskrar/adalnamskra-grunnskola/> og einnig á stefnu og starfsáætlun skóla- og frístundasviðs Reykjavíkurborgar.

Í Ingunnarskóla er stefnt að því að veita nemendum skólans bestu mögulegu tækifæri til að þroskast í fjölbreyttu og skapandi námsumhverfi. Leiðarljós skólans er að nemendur verði sjálfstæðir og skapandi, virkir og ábyrgir einstaklingar til að geta tekist á við síbreytilegt nútíma samfélag. Þeir eru hvattir til að taka ábyrgð á eigin námi og stuðlað er að því að þeir sjái tilgang í því sem þeir eru að vinna að. Stefnt er að því að efla nemendur í sjálfstæðum vinnubrögðum og áhersla er á að þeir læri að leita sér upplýsinga með fjölbreyttum hætti. Mikilvægur þáttur í skólastarfinu er að örva sjálfstæða og gagnrýna hugsun og leitast er við að gera það á sem flestum sviðum skólastarfsins.

Markvisst er unnið að því að nemendum líði vel og að þeir búi við öruggt starfsumhverfi og uppbyggjandi skólaanda. Skólinn er öllum opin og eru foreldrar alltaf velkomnir til að taka þátt í starfinu eða kíkja í heimsókn. Lögð er áhersla á að nemendur komi fram af virðingu hver við annan og alla sem þeir eiga samskipti við innan og utan skólans.

Í aðalnámskrá grunnskóla eru settir fram sex grunnpættir menntunar og er þeim ætlað að marka áherslur á skólanámskrána og hafa áhrif á daglegt skipulag.

Læsi Stuðla skal að því að leggja rækt við lestur og ritun og að nemendur nái tökum á lestrar og ritunartækni. Unnið er að því að nemendur verði læsir á samfélagið og færir um að bregðast á persónulegan og skapandi hátt við því sem þeir lesa með hjálp þeirrar tækni og miðla sem völ er á. Í skólanum er lögð áhersla á að nemendur öðlist færni í nota fjölbreytta miðla við dagleg verkefni og læri um notagildi þeirra í leiðinni. Mikilvægt er að nemendur þjálfist í gagnrýnni hugsun, læri að leggja mat á miðlað efni og kunni að nýta sér á markvissan hátt. Unnið er að því að koma á nánú samstarfi skólasafnskennara, upplýsinga- og tæknikennara og samþætta við sem flestar námsgreinar.

Sjálfbærni Stuðla skal að því að skapa samábyrgt skólasamfélag þar sem hver og einn tekur ábyrgð og er meðvitaður um gildi gagnvart samfélagi og umhverfi. Umhverfisstefna skólans og grænánavefnið fléttar þessar áherslur í daglegt starf og ýtir undir að þessum markmiðum sé náð.

Lýðræði og mannréttindi Stuðla skal að því efla gagnrýna hugsun og ígrundun um gildi þess að vera virkur þátttakandi í lýðræðissamfélagi. Áhersla er lögð á virkt samtarf bæði innan skólans og við grenndarsamfélagið þar sem lýðræðisleg vinnubrögð eru höfð að leiðarljósi. Ingunnarskóli hefur að leiðarljósi gildin *Virðing, Ábyrgð og Vinsemd* og er unnið að því að rækta þau alla daga. Nemendur skólans gera bekkjarsáttmála í upphafi hvers skólaárs þar sem þeir velja sér grunngildi bekkjarins á lýðræðislegan hátt. Samvera er á sal alla föstudagsmorgna þar sem áhersla er lögð á að efla samfélagsvitund og nemendur fá tækifæri á að koma fram og styrkja sig í öruggri framkomu. Bekkjafundir eru reglulega hjá öllum nemendahópum þar sem nemendur þjálfast í lýðræðislegum vinnubrögðum.

Heilbrigði og velferð Stuðla skal að jákvæðri sjálfsmynd og hlúð að þroska og heilbrigði nemenda á sem víðtækastan hátt. Tekið er mið af ólíkum þörfum nemenda á einstaklingsbundinn hátt og haft í heiðri að allir eru einstakir. Mikil áhersla er lögð á jákvæðan skólabrag, góðan námsárangur og vellíðan. Unnið er að því að efla góðan skólanda með því að styðjast við heildstæðan stuðning við jákvæða hegðun (PBS). Nemendur læra ákveðnar væntingar sem stuðla að ábyrgri hegðun, virðingu og vinsemd sem hefur áhrif á betri líðan í skólanum. Skólinn vinnur markvisst að forvörnum gegn einelti og er með skýra verkferla. Góð samvinna er við Heilsugæslu Árbæjar, Þjónustumiðstöð Árbæjar og Grafarholts, félagsmiðstöðina Fókus og auk þess er góð samvinna við Íþróttafélagið FRAM. Náin samvinna við foreldra/forráðamenn er lykilatriði svo góður árangur náist að velferð nemenda.

Jafnrétti Stuðla skal að því að allir taki virkan þátt í að skapa samfélag jafnréttis og réttlætis. Áhersla er á að efla sjálfstæði, sjálfsvirðingu nemenda og að allir njóti alhliða menntunar og fái hvatningu í samræmi við þroska og áhuga. Í skólastarfinu er lögð áhersla á skóla án aðgreiningar þar sem komið er til móts við margbreytilegan nemendahóp.

Sköpun Stuðla skal að því að skapa vettvang fyrir skapandi starf sem byggir á gagnrýninni hugsun og leiðum sem opna nýja möguleika. Sköpun byggist á forvitni, áskorun, leit og spennu og er leitast við að skapa aðstæður til að þessara þátta á sem flestum sviðum starfsins. Skólastarfið er brotið upp á ýmsan máta og er stefnan að hafa starfið eins skapandi og fjölbreytt og kostur er. Áhersla er á samþættingu námsgreina og skapandi nálgun viðfangsefna og eru t.d. samfélags- og náttúrugreinar í 1.- 7. bekk kenndar í þeim. Einnig má nefna áhugasviðsverkefni, lokaverkefni 10. bekkjar, nýsköpunarkenndu, öflugna list- og verkgreinakennslu og fleiri þemaverkefni.

Við hönnun Ingunnarskóla var lögð áhersla á nám í stað kennslu og var nám nemenda haft í brennidepli. Mikil áhersla var lögð á samvinnu, sjálfstæði, sköpun, samþættingu og tengsl við grenndarsamfélagið. Skólinn er stofnaður haustið 2001 og hóf starfsemi sína í færanlegum kennsluhúsum. Kennsla hófst í nýrri byggingu haustið 2005.

Hugmyndina að nafni skólans á prófessor Þórhallur Vilmundarson sem einnig fann nöfn á göturnar í hverfinu, en nöfnin eru öll kirkjusöguleg. Um Ingunni er fjallað í Jóns sögu helga. Ingunn er kynnt til sögu um leið og margir þekktir fræðimenn og biskupar sem stundað höfðu nám við Hólaskóla en hún þótti vel að sér bæði í bóklegum eignum sem og verklegri færni.

Í Ingunnarskóla eru mikil tengsl við nánasta samfélag skólans og umhverfi. Skólinn er staðsettur í hverfi þar sem stutt er í skemmtilega náttúru sem nýtt er í daglegu starfi og leik. Áhersla er lögð á útikennslu sem samþætt er í allar greinar. Skólinn er þátttakandi í verkefnum um Grænfánann en í því verkefni er lögð áhersla á ábyrga hegðun gagnvart umhverfinu, innan skólans sem utan. Mikið er lagt upp úr því að nemendur þekki heimahverfið, stofnanir, félagssamtök, helstu kennileiti, sögu hverfisins og eigi gott samstarf við grenndarsamfélagið. Samstarf er við ÍTR um starfsemi frístundaheimilis og félagsmiðstöðvar. Tónlistarskóli Árbæjar og kennari frá Skólalúðrasveit Grafarvogs starfa í skólanum bæði fyrir nemendur og almenning, bæði innan og utan skólatíma. Vatnstankar Orkuveitu Reykjavíkur eru ákveðið kennileiti við skólann og er einn dagur að hausti tileinkaður vinnu og fróðleik í tengslum við þá.

Nemendur læra ekki allir það sama á sama tíma heldur fást þeir við ólík viðfangsefni eða nálgast sama viðfangsefnið á ólíkan hátt. Hver og einn vinnur á eigin hraða, einstaklingslega, í paravinnu eða hópvinnu. Talsverð áhersla er lögð á ábyrgð nemenda á eigin námi, að virkja áhuga þeirra og að þeir séu virkir þátttakendur.

Með einstaklingsmiðun er verið að mæta þörfum einstaklings eða lítils hóps. Í stórum hópi eru alltaf einhverjir sem þurfa að hafa mikið fyrir því að komast í gegnum námsefnið en aðrir hafa minna fyrir því. Í skólanum fylgir meginþorri nemenda sömu áætlun en áhersla er á að bjóða upp á fjölbreytta kennsluhætti sem gefa nemendum kost á námi við hæfi. Þessu er m.a. mætt með því að vera með fjölbreytt verkefni á stöðvum til að dýpka þekkingu og áhuga á náminu. Nemendur geta farið í mismunandi verkefni á stöðvum þegar tækifæri gefst til.

Í skólanum er áhersla á að bregðast við þörfum hvers nemanda. Kennarinn metur hvers nemandinn þarfnast og hvort viðkomandi fái nám við hæfi. Athyglinni er beint að því hvort nemandinn þurfi að þjálfra samskiptahæfni með meiri hóp- eða samvinnu og hvort hann þurfi sérstuðning á einhverju sviði. Þegar þörfin hefur verið metin er lögð áhersla á að viðkomandi fái viðfangsefni við hæfi.

Sérkennsla er stuðningur við nemanda eða nemendahópa sem þarfnast tímabundinnar aðstoðar eða samfellds stuðnings um lengri eða skemmri tíma, jafnvel alla skólagönguna.

Mikill þroskamunur getur verið á einstaklingum innan hvers árgangs og einnig er verulegur munur á einstökum þroskapáttum hvers barns. Í sérkennslunni er reynt að koma til móts við þennan þroskamun ýmist með kennslu í litlum hópum, einstaklingskennslu eða með aðstoð inni í bekk. Gerðar eru einstaklingsnámskrár fyrir nemendur þegar þörf er á því.

Stundum er þörf á því að leggja áherslu á undirstöðubætti námsefnis og er námsefnið því stundum stytta og einfaldað tímabundið. Þegar þessi leið er valin er útbúin einstaklingsnámskrá í samráði við nemanda og foreldra.

Í prófaðstæðum er reynt er að koma til móts við nemendur með þeim hætti að bjóða nemendum sem eru með lestrarörðugleika hljóðefni og lengri tíma. Einnig er boðið upp á munnleg próf eða verkefnaskil þegar sú leið hentar nemendum betur til að sýna þekkingu þeirra. Vægi stafsetningar og ritunar vegur minna í námsmati þegar nemendur eru með sértæka stafsetningarerfiðleika.

